



Vinna og nám erlendis

Handbók fyrir náms- og starfsráðgjafa og aðra leiðbeinendur



Erasmus+
www.erasmusplus.is



Þessi handbók er unnin með styrk frá Erasmus+ (Euroguidance).
Hún endurspeglar eingöngu afstöðu höfundar og framkvæmdarstjórn
ESB ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr henni eru nýttar.

Gefið út af Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar 2014.

© Rannís, 2014

Ef nota eða fjölfalda á myndir sem falla ekki undir höfundarrétt Rannís
verður að sækja um leyfi beint til réttshafa.

© ljósmyndir: Shutterstock

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Evrópsk vídd í náms- og starfsráðgjöf og mikilvægi náms- og starfsráðgjafa	6
2. Reglur og samningar	8
3. Námsstyrkir innan Evrópu	25
4. Vinna í öðru Evrópulandi	35
5. Fjölpjódlegir möguleikar fyrir náms- og starfsráðgjafa	40



MADRID

SUN



HONG KONG

MUNICH

SINGAPORE

ANKARA

NEW YORK

AMSTERDAM



DELHI

LONDON



MARS



BANGKOK 150KM

Phnom Penh

Inngangur

Í þessari handbók eru margvíslegar upplýsingar sem gagnast náms- og starfsráðgjöfum og öðrum sem leiðbeina fólki sem hyggur á nám eða starf í öðru landi. Aðeins er farið yfir aðalatriðin en vísað í frekari heimildir fyrir þá sem vilja ítarlegri upplýsingar. Reynt hefur verið að raða upplýsingunum upp á rökrænan hátt og því eru sumar þeirra á tveimur eða fleiri stöðum í handbókinni. Aðaláherslan er lögð á það fjölbreytta samstarf sem Íslendinga taka þátt í innan Evrópu, þó einnig sé tæpt á möguleikum utan Evrópu.

Innlendar upplýsingar eru fengnar af vefsíðum, úr handbókum eða með samtölum við viðkomandi aðila.



1. Evrópsk vídd í náms- og starfsráðgjöf og mikilvægi náms- og starfsráðgjafa

Hugtakið „evrópsk vídd“ (European dimension) í náms- og starfsráðgjöf felur í sér að reynt er að efla upplýsingagjöf til náms- og starfsráðgjafa um mikilvægi náms og starfa í öðru Evrópulandi. Á bak við þetta liggur sú hugsun að þeir sem vinna eða læra erlendis öðlist bæði menningarlegan skilning og aukna færni í tungumálum fyrir utan það sem þeir læra í skólum eða á vinnustöðum. Því lengur sem fólk dvelur erlendis, því meira fær það vitaskuld út úr dvölinni en jafnvel stutt dvöl getur aukið þroska einstaklingsins umtalsvert. Hann verður sjálfstæðari við að læra að standa á eigin fótum og sveigjanlegri við að þurfa að laga sig að nýjum aðstæðum og öðlast meira frumkvæði.

Dvöl erlendis kann einnig að auka möguleikana á spennandi starfi þegar komið er heim aftur. Margir atvinnurekendur vilja fólk með alþjóðlega reynslu, hvort heldur hún hefur fengist við nám eða störf. Samskipti við umheiminn aukast stöðugt og því er starfsfólk með reynslu af samskiptum við aðrar þjóðir og af öðrum tungumálum geysilega dýrmætt.

Okkur er ekki kunnugt um íslenskar rannsóknir á áhrifum náms eða starfs erlendis á einstaklinga. Hins vegar eru til fjölmargar erlendar rannsóknir á þessu sviði sem benda á bæði hin jákvæðu áhrif sem slík dvöl kann að hafa en einnig þá áhættu sem hún hefur í för með sér. Þar er lítið til menningaráfalls, sálrænna erfiðleika og þess að fólk þetta kann að verða rótlaust til framtíðar.

Í daglegum störfum náms- og starfsráðgjafa þýðir hin evrópska vídd að þeir reyna að beina augum ráðþega sinna jafnt að þeim möguleikum sem finnast erlendis og innanlands. Þetta á við bæði í einstaklingsráðgjöf og t.d. í náms- og starfsfræðslu í skólum. Evrópusambandið (ESB) styrkir ýmislegt sem tengist náms- og starfsráðgjöf í Evrópu vegna þess að þar telja menn að náms- og starfsráðgjafar gegni lykilhlutverki í því að opna augu annarra fyrir þeim möguleikum sem bjóðast erlendis. Í stefnu ESB er frjálst flutningur fólks á milli svæða ein af grunnstoðum sambandsins og í stefnu þess er gert ráð fyrir að allir stundi a.m.k. hluta af námi sínu erlendis.



2. Reglur og samningar

2.1. Ferðafrelsi í Evrópu

Öllum íbúum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er heimilt að ferðast óhindrað milli landa og til Sviss, Makedóníu og Tyrklands. Til annarra landa álfunnar er auðvelt að ferðast þó að sækja þurfi um áritun til einstakra landa. Á vefnum „þín Evrópa“, **ec.europa.eu/youreurope** eru margvíslegar upplýsingar fyrir alla þá sem hyggja á flutning til annars lands, hvort heldur sem er til að vinna eða læra. Hægt er að velja tungumál ríkja ESB og norsku, en því miður hefur þessi vefur ekki verið þýddur á íslensku.

Á vefnum Europa Direct **europa.eu/europedirect** eru ýmsar hagnýtar upplýsingar um t.d. dvalar- og atvinnuleyfi, heilsugæslu, skólagöngu barna og margt annað. Þeir sem eru að hugsa um flutning til annars Norðurlands ættu endilega einnig að skoða vel síðuna Norðurlönd fyrir þig á, **norden.org**.

2.2. Fjölpjóðlegir samningar

Mikil þróun hefur orðið á undanförunum árum í því að létta fólki flutninga milli landa Evrópu. Enn eru þó í gildi margs konar reglur fyrir þá sem vilja búa í öðru landi til lengri tíma en nokkurra mánaða og er um að gera að kynna sér þær vel áður en lagt er af stað.

2.2.1. Reglur um nám í öðru landi

Íslendingar hafa fullan rétt til þess að stunda nám í öllum löndum EES og í Sviss. Sé námsdvölin lengri en þrjú mánuðir verða nemar að skrá sig sem íbúa viðkomandi lands og í Sviss þarf að sækja um dvalarleyfi. Nemendur eiga rétt á að dvelja í námslandinu allan námstímann, svo fremi sem þeir geta séð fyrir sér sjálfir og eru sjúkratryggðir í heimalandi sínu og hafi með sér evrópska sjúkratryggingakortið. Auk þess eru gerðar kröfur um að nemar stundi formlega viðurkennt nám.

Í löndum utan EES eru yfirleitt gerðar kröfur um sérstakar áritanir í vegabréf. Yfirleitt er þó nóg að framvísa skráningu í skóla í viðkomandi landi. Þó eru sums staðar gerðar kröfur um að námsmaður geti sannað að hann geti séð fyrir sér sjálfur og ætti þá að nægja að fá yfirlýsingu frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eða banka. Til þess að fá nákvæmar upplýsingar um reglurnar í hverju landi er best að leita til viðkomandi sendiráðs. Lista yfir erlend sendiráð og sendiskrifstofur hér á landi er að finna á vef utanríkisráðuneytisins.

Sjúkratryggingar

Íslenskir námsmenn í öðru EES-landi halda sinni sjúkratryggingu hér á landi. Hætti þeir hins vegar í náminu og fari að vinna, breytast allar aðstæður. Frekari upplýsingar eru á vef Tryggingastofnunar, **tr.is**.

Áður en haldið er af stað, sækir námsmaðurinn um evrópska sjúkratryggingakortið á vef Tryggingastofnunar. Kortið kemur í pósti eftir einn eða tvo daga og gildir yfirleitt í ár og því verða námsmenn að gæta þess að fá það endurnýjað reglulega. Best er að hafa kortið alltaf á sér. Veikist námsmaður eða lendi í slysi á hann rétt á sams konar meðferð á opinberum sjúkrastofnunum og aðrir þegar landsins og greiðir það sama og þeir. Leggja þarf út fyrir kostnaði fyrir læknishjálpi innan einkageirans en hægt er að sækja um endurgreiðslu á slíkum kostnaði þegar heim er komið og fæst hún, ef unnt er að sanna á einhvern hátt að önnur læknishjálpi hafi ekki verið í boði.

Við nám í löndum utan EES er ekki um að ræða neina íslenska sjúkratryggingu. Námsmenn hafa því um það að velja að kaupa sér einkatryggingar eða að taka áhættuna af því að þurfa að greiða allan lækniskostnað úr eigin vasa. Sumir háskólar krefjast þess að allir námsmenn kaupi sér viðbótartryggingu og er hún í nokkrum tilfellum innifalin í skólagjöldum. Slík trygging getur verið mjög dýr í landi eins og Bandaríkjunum þar sem heilsugæsla er nær öll í umsjón einkaaðila. Best er að fá nákvæmar upplýsingar um þessi mál í sendiráði viðkomandi lands.

2.2.2. Reglur um vinnu í öðru landi

Íslendingar eiga sama rétt á að vinna í öllum löndum EES og þegar hvers lands fyrir sig. Hægt er að vinna í þrjá mánuði á hverjum stað án þess að skrá sig inn í landið en eftir það fara flest löndin fram á formlega skráningu. Sýna þarf gild persónuskilríki og samning við vinnuveitanda eða skráningu hjá vinnumiðlun, sé viðkomandi í atvinnuleit. Í Liechtenstein og Sviss þarf að sækja um dvalarleyfi.

Á vefnum „þín Evrópa“, ec.europa.eu/youreurope eru margvíslegar upplýsingar fyrir alla þá sem hyggja á vinnu erlendis. Hægt er að velja tungumál ríkja ESB og norsku, en því miður hefur þessi vefur ekki verið þýddur á íslensku. Þeir sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum hér á landi, geta sótt um svokallað E303 skírteini sem leyfir þeim að leita sér að vinnu í öðru EES-

landi í þrjá mánuði og fá greiddar atvinnuleysisbætur sínar þar. Frekari upplýsingar eru á vef Vinnumálastofnunar, **vinnumalastofnun.is**.

Vinna í löndum utan EES er háð atvinnuleyfi í viðkomandi landi, auk dvalarleyfis. Sækja þarf um hvort tveggja áður en lagt er af stað og eins er gert ráð fyrir að atvinnan sé trygg áður en farið er út. Erlendir aðilar auglýsa stöku sinnum eftir fólki hér á landi en annars er bara um að gera að fylgjast vel með blöðum og fagtímaritum í þeim löndum sem helst vekja áhuga og sækja um þau störf sem þar eru auglýst. Sendiráð viðkomandi lands getur svo veitt frekari upplýsingar.

Sjúkratryggingar

Mismunandi reglur gilda hér, eftir því í hvaða landi er starfað. Innan EES-svæðisins má í stórum dráttum segja að Íslendingar njóti sömu réttinda og íbúar viðkomandi landa. Um leið tapa þeir sambærilegum réttindum hér á landi og tekur 6 mánuði að ávinna sér þau aftur, talið frá þeim degi sem fólk skráir sig inn í landið að nýju.

Slasist fólk við vinnu gilda reglur um sjúkratryggingar á vinnustað sem eru mismunandi eftir löndum. Nauðsynlegt er að kynna sér reglurnar vel áður en haldið er af stað.

Pegar unnið er utan EES-svæðisins getur einstaklingur sótt um að halda almannatryggingavernd sinni á grundvelli heimildar í almannatryggingalögunum. Skilyrði eru m.a. þau að viðkomandi starfi erlendis fyrir aðila sem hafi aðsetur og starfsemi á Íslandi og að tryggingagjald, sbr. lög um tryggingagjald, sé greitt hér á landi af launum hans. Heimilt er að samþykkja tryggingavernd í allt að eitt ár. Að loknu fyrsta tímabilinu er heimilt að framlengja tryggingaskráninguna í allt að fjögur ár til viðbótar, að undangengnu mati, þar sem m.a. verði kannað hvort skilyrði séu áfram uppfyllt.

Afar áriðandi er að þeir sem ekki njóta slíkrar tryggingaverndar kynni sér reglur um slysa- og sjúkratryggingu í viðkomandi landi og kaupir sér einkatryggingu ef þörf er á. Frekari upplýsingar eru á vef Tryggingastofnunar og er fólk sem hyggur á vinnu erlendis hvatt til að hafa samband við starfsmenn stofnunarinnar.

Au pair

Fyrir þá sem vinna sem au pair erlendis gilda í grunninn sömu reglur og fyrir námsmenn. Þannig standa Íslendingar jafnfætis öðrum íbúum EES-landanna en hafa takmörkuð réttindi, ef nokkur, utan þeirra. Í þessum tilvikum er algengt að vinnuveitandinn kaupir sérstaka tryggingu fyrir starfsmanninn og sjái um alla nauðsynlega pappírsvinnu í því sambandi. Vissara er að allt slíkt liggir fyrir áður en haldið er af stað.

2.2.3. Samningar um menntamál

Íslendingar hafa tekið fullan þátt í þeirri miklu samhæfingarvinnu í menntamálum sem fram hefur farið í Evrópu undanfarin ár og hafa undirritað alla samninga sem gerðir hafa verið. Allir hafa þessir samningar þann megintilgang að auðvelda fólki menntun í öðru landi en sínu eigin og að færa námseiningar milli landa.

Lissabon-yfirlýsingin (Convention on the recognition of qualifications concerning higher education in the European region) var undirritað árið 1997. Í henni er meðal annars kveðið á um að löndin viðurkenni að framhaldsskólamenntun (sambærileg íslensku stúdentsprófi) hinna landanna sé gild sem aðgangur að háskólum. Þá fallast þjóðirnar á að háskóla-menntun gefi sömu réttindi frá einu landi til annars, hvort sem henni hefur verið lokið eða ekki.

Bologna-yfirlýsingin var samþykkt af 29 þjóðum árið 1999. Í henni lofa þjóðirnar að búa til sameiginlegt svæði háskólanáms (European Higher Education Area). Meginmarkmiðin með yfirlýsingunni eru:

- aukinn hreyfanleiki fólks á milli landa.
- auknir starfsmöguleikar.
- auknir samkeppnismöguleikar Evrópu sem menntaálfa.

Kaupmannahafnaryfirlýsingin

Þessi yfirlýsing, sem samþykkt var árið 2002, fjallar um samstarf í Evrópu á sviði starfsmenntunar. Meginmarkmiðið með henni var að auka möguleika starfsmenntanema til að stunda hluta af námi sínu í öðru landi og að auka gæði starfsmenntunar.

Norrænir samningar

Samningur um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi er í meginatriðum líkur Lissabon-yfirlýsingunni. Tilgangur hans er að:

- auka möguleika á að námsmenn og aðrir, sem eiga heima í einu ríki Norðurlanda, geti aflað sér menntunar og þreytt próf við menntastofnanir í öðrum Norðurlandarákjum.
- koma á gagnkvæmri viðurkenningu lokaprófa, hlutaprófa og annarra vitnisburða um námsárangur.

Með samningnum er tryggt að aðgengi að námi sé jafnt, þ.e. Íslendingar eiga sama rétt til náms í Noregi og Norðmenn o.s.frv.

ENIC/NARIC upplýsingaskrifstofa

Háskóli Íslands rekur sérstaka upplýsingaskrifstofu fyrir alla þá sem vilja láta meta menntun sína til (frekara) háskólanáms. Skrifstofan er hluti af sérstöku samstarfsneti ESB og UNESCO og eru sambærilegar skrifstofur víða um heiminn. Frekari upplýsingar eru á vef skrifstofunnar, **enic-naric.hi.is/**.

NORRIC

Norðurlöndin hafa sérstakt samstarf innan NARIC/ENIC-samstarfsins. Frekari upplýsingar eru á, **norric.org**.

Tengiliður í starfsmenntamálum á Íslandi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur með höndum hlutverk tengiliðs í starfsmenntamálum. Sambærilegar stofnanir og/eða aðilar eru í öðrum Evrópulöndum (kallaðar á ensku *National Reference Point*) og er nauðsynlegt að leita til þeirra, vilji Íslendingar fá starfsréttindi sín viðurkennd. Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar eru á, **europass.is/vidurkenning-a-erlendri-starfsmenntun/**. Nauðsynleg fylgigögn eru prófskírteini frá viðkomandi skóla á ensku og, ef til er, Europass-mat og viðurkenning á starfsmenntun. Slíkar viðurkenningar, á íslensku og ensku, eru á vef Europass, **europass.is/mat-og-vidurkenningar/**.

2.2.4. Evrópskir samningar um yfirfærslu á menntun milli landa

ECTS er skammstöfun á European Credit Transfer System og er samningur um yfirfæranlegar námseiningar á háskólastigi. Miðað er við að fullt háskólanám gefi 60 ECTS-einingar á ári. Jafnframt hefur verið búinn til einkunnaskali fyrir öll löndin sem taka þátt í verkefninu þannig að auðvelt sé að reikna út einkunnir gefnar í einu landi yfir í einkunnir annarra landa. Á síðu ENIC-NARIC skrifstofunnar, **enic-naric.hi.is** er að finna mjög greinargott yfirlit á íslensku um þessar einingar og hvernig þær eru notaðar af íslenskum háskólum.

Europass er safnheiti yfir stöðluð menntunar- og starfshæfniskjöl sem ætlað er að auðvelda gegnsæi menntunar og starfsreynslu. Europass er einnig ætlað að auðvelda samhæfingu prófskírteina og viðurkenninga og þar með auðvelda samannburð milli landa í Evrópu.

Í Europass eru fimm skírteini eða skjöl sem tengja má hvert öðru. Hægt er að nota öll fimm skírteinin í einu eða hvert fyrir sig:

- Evrópsk ferilskrá sem allir geta fyllt út á vefnum og vistað í tölvunni sinni eða sent til hugsanlegra vinnuveitenda með starfsumsókn. Með ferilskránni er hægt að búa til svonefndan hæfnipassa, sem er mappa með rafrænum skjölum sem tengjast ferilskránni. Um getur verið að ræða prófskírteini, meðmæli eða starfsmenntavegabréf, allt eftir því hvað við á hverju sinni.

- Mat og viðurkenning á starfsmenntun fyrir þá sem lokið hafa starfsmenntun og vilja sýna hvað hún felur í sér.
- Viðauki við prófskírteini – skírteinisviðauki fyrir þá sem lokið hafa háskólanámi.
- Starfsmenntavegabréf fyrir þá sem taka hluta af starfsnámi eða endurmenntun erlendis.
- Tungumálapassi fyrir þá sem vilja sýna fram á tungumálakunnáttu sína.

Frekari upplýsingar um Europass eru á vef verkefnisins, **europass.is/**.

Ungmennapassi er viðurkenningarskjal sem þátttakendur í verkefnum sem styrkt eru af Evrópu unga fólksins, sem sér um ungmennahluta Erasmus+, eiga rétt á að fá við lok verkefnis. Passinn er viðurkenning á þeim óformlega lærdómi sem ungmennin hafa aflað sér og er staðfesting á þátttöku sem þátttakendur geta nýtt þegar sótt er um vinnu eða nám. Frekari upplýsingar eru á vef Ungmennaáætlunar ESB, **euf.is**.

EQF er skammstöfun fyrir European Qualification Framework, sem er evrópskur viðmiðarami fyrir próf og færni. Rammanum er skipt í átta þrep sem öll eru byggð á þeirri hæfni sem nemandinn hefur tileinkað sér, án tillits til þess hvar hann gerði það eða hversu langan tíma það tók.

Evrópulöndin hafa eitt af öðru verið að búa til sína eigin viðmiðaramma sem taka mið af þeim evrópska þó að fjöldi þrepa sé misjafn sem og hvernig hver menntun er metin til eininga. Öll leggja löndin hins vegar áherslu á að auðvelt sé að „þýða“ ramma sinn yfir í Evrópurammann. Á Íslandi er vinnan við að búa til slíkan viðmiðaramma langt komin og hefur uppkast að útliti hans og virkni verið birt á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins (leitid að EQF).

Samevrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun (ECVET)

ECVET er skammstöfun fyrir European Accumulation and Transfer Credit System for Vocational Education and Training eða samevrópskt einingakerfi fyrir starfsmenntun. Um er að ræða samstarfsverkefni margra Evrópulanda sem á að auðvelda samburð á starfsmenntun þannig að auðvelt sé að flytja námseiningar frá einu landi til annars. Leiðin sem

valin hefur verið er að deila hverri námsleið upp í einingar sem byggjast á þeirri hæfni sem nemendur tileinka sér. Hver eining er metin til punkta sem eru sambærilegir ECTS-einingum sem notaðar eru á háskólastiginu. Munurinn á þessum einingum er hins vegar sá að í starfsmenntun er hægt að fá metna hæfni sem fólk hefur aflað sér á vinnumarkaðinum en í háskólanámi er slíkt ekki unnt. Frekari upplýsingar um ECVET einingakerfið, þar á meðal íslenskar leiðbeiningar um notkun þess, eru á, erasmusplus.is/menntun/ecvet-verkefni/.

Alþjóðlegt ökuskríteini

Þeir sem ætla að aka bíl utan EES-svæðisins þurfa að verða sér úti um alþjóðlegt ökuskríteini sem framvísa skal með íslenska ökuskríteininu, sé beðið um það. Félag íslenskra bifreiðaeigenda sér um útgáfu skírteinanna og eru frekari upplýsingar á vef félagsins, fib.is.

2.3. Undirbúningur dvalar erlendis

Til þess að fá vinnu í öðru landi eða komast inn í erlendan skóla er nauðsynlegt að senda inn vel unna umsókn ásamt töluverðum fjölda fylgigagna. Umsækjandi verður að geta sýnt fram á að hann standist væntingar vinnuveitanda síns eða skólans.

Þegar búið er að fá vinnu eða skólavist tekur við leit að húsnæði, undirbúningur sjálfs flutningsins ásamt því að ákveða hvort og þá hvenær maður hyggst snúa aftur.

Nemendur sem fara til annarra landa í skiptinám sem er hluti af námi þeirra hér á landi, fá töluverða aðstoð við flutninginn, en þeir sem velja að taka fullt nám erlendis verða sjálfir að sjá um allt slíkt. Þeir sem hyggja á vinnu í öðru landi verða að leggja enn meiri vinnu í undirbúninginn en námsmenn.

2.3.1. Gátlistar og upplýsingasöfn

Víða er hægt að finna á vefnum gátlista, söfn gagnlegra upplýsinga sem gott er að skoða áður en haldið er af stað. Listinn hér að neðan er alls ekki tæmandi en gefur vonandi einhverja hugmynd:

- Á vef Eures, evrópsku vinnumiðlunarinnar, **eures.is** eru gátlistar annars vegar fyrir þá sem hyggjast sækja um vinnu á Norðurlöndum og hins vegar þá sem vilja fara til annarra landa Evrópu.
- Á sama vef eru einnig margvíslegar upplýsingar um flutning áunninna réttinda, leiðbeiningar við atvinnuleit og fleira.
- Rannís veitir margvíslegar upplýsingar um hvað þarf að hafa í huga við nám erlendis á vefnum, **farabara.is**.
- Á vef utanríkisráðuneytisins, **utanrikisraduneyti.is** er að finna hafsjó af upplýsingum um réttindi og skyldur Íslendinga erlendis.
- Tryggingastofnun ríkisins er einnig með margvíslegar upplýsingar á vef sínum, **tr.is** sem nauðsynlegt er að fara vel yfir.
- Tryggingafélög þeirra sem ætla að flytja tímabundið til annars lands en vilja halda íslenskri tryggingu t.d. á fasteign eða innbúi veita allar nauðsynlegar upplýsingar um það sem brýnt er að gera áður en lagt er af stað.

2.3.2. Þýðing á prófskírteinum

Hafi þeir sem sækja vilja vinnu eða nám erlendis ekki prófskírteini úr skólanum sínum á ensku er nauðsynlegt að láta þýða þau. Hugsanlega tekur skólinn þetta að sér fyrir væga þóknun, ef ekki þarf að leita til löggilts skjalapýðanda. Skólar og vinnuveitendur geta einnig farið fram á þýðingu skjala yfir á tungumál landsins sé það ekki enska. Sé þörf á þýðingu yfir á önnur mál getur verið nauðsynlegt að leita til löggilts skjalapýðanda. Lista yfir þá má finna á vefnum, **syslumenn.is**.

Þeir sem lokið hafa starfsnámi verða að framvísa pappírurum um hvað felst í náminu og hvernig það er metið til eininga. Á vef Europass, **europass.is/mat-og-vidurkenningar** eru viðaukar með slíkum útskýringum á íslensku og ensku fyrir allar löggiltar iðngreinar og nokkrar greinar sem ekki eru löggiltar. Ljóst er hins vegar að fyrir margs konar námsleiðir t.d. í tölvu- og upplýsingatækni vantar slíka pappíra. Handhafar þeirra geta leitað til viðkomandi skóla og beðið um sambærilega pappíra og/eða til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

2.3.3. Húsnæði

Í mörgum löndum er boðið upp á leigu á herbergjum og jafnvel litlum íbúðum á stúdentagörðum. Þegar skólavist hefur fengist er um að gera að spyrja um hvort völ sé á slíku og kanna svo upphæð leigu og hverjir möguleikar eru á að fá slíkt húsnæði. Margir íslenskir námsmenn velja að hefja námsdvöl sína á stúdentagarði en nota svo fyrsta árið til að leita að öðru (betra, ódýrara eða hentugra) húsnæði fyrir framhaldsdvölinu.

Í mörgum löndum er einnig hægt að nota sér þjónustu leigumiðlana fyrir námsmenn eða þá sem fara utan til vinnu. Á Ploteus-vefgáttinni, ec.europa.eu/ploteus/home_is.htm eru upplýsingar um slíka þjónustu í Evrópu.

Blöð og tímarit í viðkomandi landi auglýsa oft húsnæði til leigu, hugsanlega jafnvel rafrænt. Best er að leita til sendiráðs viðkomandi lands og biðja um lista yfir slík blöð.

Í mörgum löndum er farið fram á tryggingu áður en húsnæði er leigt út. Hún getur verið eins til sex mánaða leiga sem fæst endurgreidd ef íbúðinni er skilað í sama standi og hún var við upphaf leigu.

2.3.4. Tungumálapróf

Margir erlendir háskólar fara fram á góða kunnáttu í því tungumáli sem kennt er á. Oft er beðið um niðurstöður úr tungumálaprófi fyrir útlendinga. Þessi próf er hægt að taka í viðkomandi landi, jafnvel við þessa sömu háskóla. Þeir sem þurfa á því að halda að læra málið betur áður en þeir taka slíkt próf, geta auðvitað farið í tungumálanám í viðkomandi landi. Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir lán til þess konar tungumálanáms með eftirfarandi skilyrðum:

- námsmenn geta fengið námslán til tungumálanáms ef þeir hyggja á frekara nám í landinu.
- lánið er ekki greitt út fyrr en sýnt er fram á innritun í frekara lánshæft nám í sama landi eða á sama málsvæði.

- ekki er lánað til tungumálanáms til undirbúnings ef um er að ræða ensku, dönsku, norsku eða sænsku af vef Lánasjóðsins, **lin.is**.

Til þess að gera sér betri hugmynd um kunnáttu sína í einhverju tungumáli er gott að nota Europass tungumálapassann sem byggir á sjálfsmati einstaklinga. Frekari upplýsingar eru á vef Europass, **europass.is/tungumalapassi**.

Atvinnurekendur biðja yfirleitt ekki um nein vottorð um tungumálakunnáttu en gera hins vegar nær undantekningarlaust þær kröfur að starfsmenn geti stundað vinnu sína og haft samskipti við yfirmenn og vinnufélaga á máli viðkomandi lands. Best er að ræða við vinnuveitandann áður en haldið er af stað um þær kröfur sem hann gerir varðandi tungumálakunnáttu.

Hægt er að taka a.m.k. tvö tungumálapróf hér á landi, TOEFL prófið í ensku og TestDaf í þýsku. Frekari upplýsingar um þau eru á vef Upplýsingastofu um nám erlendis, **farabara.is**. Einnig er hægt að hafa samband við Upplýsingastofuna í síma 515 5800 eða koma þangað virka daga milli klukkan 13 og 16. Upplýsingastofan er til húsa að Borgartúni 30.

2.3.5. Annað mikilvægt varðandi umsóknir

Sumir háskólar biðja um aðra pappíra en tungumálapróf. Algengt er að beðið sé um ferilskrá á máli viðkomandi lands (þá getur verið gott að nota sér Europass ferilskrána sem til er á öllum tungumálum Evrópu) og jafnvel vottorð frá t.d. atvinnuveitanda eða kennurum um fyrri störf/nám. Alltaf þarf að skila inn staðfestum prófskírteinum úr fyrra námi. Þá eru sums staðar gerðar kröfur um að væntanlegur námsmaður geti sýnt fram á að hann geti séð fyrir sér meðan á náminu stendur, t.d. með vottorði frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eða viðskiptabanka. Brýnt er að kynna sér kröfur um pappíra fyrirfram og útvega sér nauðsynlega pappíra fyrir uppgefinn skilafrest.

2.4. Mat á námi frá öðru landi

Hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna er hægt að fá upplýsingar um hvaða nám í öðru landi er lánshæft. Sé námið lánshæft þýðir það að það sé viðurkennt hér á landi og veiti þau réttindi sem sóst er eftir. Hafi nemar ekki lokið námi við heimferð geta þeir hugsanlega fengið þá áfanga sem þeir luku erlendis metna til náms hér á landi og lokið svo svipuðu eða sambærilegu námi hér. ENIC/NARIC-skrifstofan, **enic-naric.hi.is** sér um slíkt mat.

2.4.1. Mismunandi viðurkenning á námi

Hægt er að skipta viðurkenningu á námi í tvo flokka:

- Viðurkenningu á háskólanámi sem miðast við þau próf sem námsmaður hefur staðist og aðrir háskólar meta þegar sótt er um framhaldsnám hér á landi (sjá nánar í næsta kafla).
- Viðurkenningu á starfsmenntun sem felst í því að fagmaður á rétt á að sækja um störf í sínu fagi í öðru landi. Innan ESB gildir sú meginregla að starfsmenntun í einu landi er tekin gild í öllum hinum. Sé munurinn á milli starfsgreina innan landanna mikill getur þó verið nauðsynlegt að bæta við sig menntun til að fá réttindin viðurkennd.

2.4.2. Útreikningar á einingum

Þegar sótt er um skóla í öðru landi á framhalds- eða háskólastigi, er það á valdi viðkomandi skóla að meta hversu margar einingar úr fyrra námi nemandans hann tekur gildar. Þá er fyrst og fremst farið yfir hvað nemandinn lærði í hverjum áfanga fyrir sig og hvernig það passar inn í þær kröfur sem nýi skólinn gerir um heildarlærdóm. Nemendur geta því reiknað með því að þurfa hugsanlega að taka áfanga sem þeim finnst þeir vera búnir með.

Innan Evrópu er yfirleitt tekið mark á loknu námi, hvort heldur er úr grunn-, framhalds- eða háskóla. Þetta á við hvort sem viðkomandi ætlar að halda áfram námi eða leita sér að vinnu. Innan heilbrigðigeirans gilda sérstaklega strangar reglur um viðurkenningu á menntun og því er vel hugsanlegt að menntun íslensks heilbrigðisstarfsfólks sé ekki tekin gild hvar sem er í álfunni.

Pegar fólk snýr aftur til Íslands þarf það svo að fara í gegnum ákveðið ferli til þess að fá nám eða starfsreynslu frá öðru landi viðurkennt hér. Íslendingum sem stundað hafa nám erlendis finnst oft alveg sjálfsagt að það sé viðurkennt að öllu leyti hér á landi, en alls ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu. Best er að hafa samband við viðkomandi fagfélag til þess að fá upplýsingar um hvað við á í hverju fagi.

Gott er að hafa við höndina eftirfarandi pappíra til þess að auðvelda mat á einingum:

- yfirlit yfir menntakerfi viðkomandi lands með sérstakri áherslu á stöðu eigin menntunar í kerfinu.
- yfirlit yfir einkunnaskala landsins/skólans, námslengd, einingafjöldi og önnur hugtök sem notuð eru.
- alla pappíra sem skólinn hefur veitt viðkomandi.

Grunn- og framhaldsskólar

Öll börn sem búsett eru á Íslandi njóta sama réttar til menntunar. Þau börn sem byrjað hafa skólagöngu erlendis hefja nám hér með börnum á sama aldri, sama hvernig kunnáttu þeirra í íslensku er. Grunnskólarnir reyna eins og þeir geta að aðstoða þau sem eiga erfitt með málið við aðlögunina, en það er mjög misjafnt hversu mikla aðstoð þeir geta veitt. Ungmennni sem komin eru á framhaldsskólaaldur geta alltaf hafið nám frá grunni í íslenskum framhaldsskólum, en vilji þau fá einingar úr erlendum framhaldsskólum viðurkenndar þurfa þau að sækja um slíkt. Skólastjórar í hverjum skóla fyrir sig eru einráðir um hvað þeir viðurkenna.

Í grunnskóla eru ekki gerðar neinar kröfur um íslenskukunnáttu en í sumum framhaldsskólum er gert ráð fyrir að nemendur kunni lýtalausa íslensku. Aðrir skólar veita nemendum með takmarkaða íslenskukunnáttu mikla aðstoð og því er ekki óalgengt að nemendur sem fæddir eru erlendis eða hafa búið þar lengi hefji nám í þessum skólum.

Börn og unglingar sem alin eru upp erlendis geta hugsanlega fengið undanþágu frá námsgreinum eins og dönsku, hafi þau dvalið í Danmörku, en sækja verður um hana sérstaklega.

Mjög brýnt er að foreldrar kynni sér vel hverjar skyldur þeirra eru í þessu sambandi og hvaða réttindi börn þeirra eiga.

Háskólar

Á vef Upplýsingastofu um nám erlendis, **farabara.is** eru margvíslegar upplýsingar um það sem hafa verður í huga við undirbúning fyrir háskólanám erlendis. Þar er meðal annars farið yfir hvað þarf til til þess að erlendar prófgráður séu viðurkenndar hér á landi.

Viðurkenning á skiptinámi á háskólastigi fer eftir innbyrðis samningum milli háskóla. Ef námsmaður tekur hluta af námi erlendis með stuðningi Erasmus+ áætlunarinnar, þarf að liggja ótvírætt fyrir áður en námsmaðurinn heldur utan að þær einingar sem hann hyggst taka í öðru landi, nýtist honum í námi sínu hér á landi.

Tungumálanám erlendis getur verið tvenns konar; tungumálanám sem undirbúningur undir háskólanám og tungumálanám sem fullgilt háskólanám. Hið fyrrnefnda fæst yfirleitt ekki metið hér á landi en hið síðarnefnda er metið, svo fremi sem viðkomandi tungumál er kennt við þann háskóla hér sem nemandinn hyggst stunda nám við.

2.4.3. Viðurkenning vinnumarkaðarins á erlendri menntun

Sé námsdvöl erlendis hluti af námi sem annars fer fram hér á landi er yfirleitt óþarfi að sýna nokkra pappíra varðandi hana þegar leitað er að vinnu, nema auðvitað þegar námsdvölin erlendis fellur mjög vel að þeim kröfum sem gerðar eru í auglýsingu um starfið. Sé hins vegar um erlenda námsgráðu að ræða er mjög mikilvægt að með fylgi góð skilgreining á því í hverju það fólst. Þetta er enn mikilvægara ef ekki er boðið upp á sambærilegt nám hér á landi.

Erlendar prófgráður starfsfólks í heilbrigðisgeiranum (lækna, ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og fleiri) lúta sérreglum hvað varðar viðurkenningu hér á landi. Nauðsynlegt er að hafa mjög góðar upplýsingar um hvað fólst í náminu ef sótt er um að fá það viðurkennt hér. Á vef landlæknisembættisins, **landlaeknir.is** er safn laga og reglna um starfsmenn heilbrigðisgeirans sem gott er að kynna sér áður en farið er í nám erlendis.

Í löggiltum iðngreinum er atvinnurekendum bannað að ráða faglærða menn nema þeir séu annaðhvort með innlend sveinspróf eða hafi fengið viðurkenningu á erlendu námi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með yfirferð erlendra prófskírteina og veitir annaðhvort fulla viðurkenningu á þeim réttindum sem menn hafa aflað sér erlendis eða bendir handhöfum á hvað þeir þurfti að gera til að öðlast slík réttindi. Frekari upplýsingar er að finna á, **europass.is/vidurkenning-a-erlendri-starfsmenntun**.

2.4.4. Raunfærnimat

Nám getur farið fram annars staðar en í skólum og nú er hægt að láta meta slíkt nám í fjölmörgum greinum til eininga og stytta þannig formlegt nám. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur undanfarin ár unnið að skipulagi raunfærnimats í samvinnu við mennta- og menningar- málaráðuneytið. Frekari upplýsingar eru á vef hennar, **frae.is**.

Það eru einkum tvær stofnanir sem bjóða raunfærnimat:

Iðan fræðslusetur í:

- húsmíði.
- pípulögnum.
- málaraíðn.
- múraraíðn.
- matreiðslu og matartækni.
- framreiðslu.
- hársnyrtiíðn.
- vélvirkjun.
- blikksmíði.
- stálsmíði.
- bifvélavirkjun.
- bílamálun.
- bifreiðasmíði.

Frekari upplýsingar um umsókn og fleira eru á vef lðunnar, **idan.is**.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins býður einnig raunfærnimat í rafvirkjun og skyldum greinum. Frekari upplýsingar eru á vef hennar, **rafnam.is**.

Þá bjóða símenntunarmiðstöðvar víðsvegar um land upp á raunfærnimat í ýmsum greinum sem ekki eru löggiltar en atvinnurekendur hafa þó fallist á að starfsfólk geti fengið stöðuhækkun að loknu slíku mati. Þetta á fyrst og fremst við annars vegar bankageirann og hins vegar skrifstofustörf. Misjafnt er hvað símenntunarmiðstöðvarnar bjóða upp á og er því nauðsynlegt að kynna sér framboð og eftirspurn á hverjum tíma.



3. Námsstyrkir innan Evrópu

Í eftirfarandi undirköflum er farið yfir þá möguleika sem tengjast mismunandi tegundum styrkja til náms í Evrópu.

3.1. Hluti náms stundaður í öðru Evrópulandi

Evrópusambandið býður upp á margvíslega styrki til einstaklinga sem vilja taka hluta af námi sínu í öðru Evrópulandi. Nemendur sem hljóta slíka styrki greiða sömu skólagjöld í sínum heimaskóla og bannað er að rukka þá um nokkurn viðbótarkostnað (þó að skólagjöld hins erlenda skóla geti verið margfalt hærra) og geta þeir einnig fengið mikinn stuðning við að undirbúa sig og vinna úr því sem þeir læra. Þannig er stundum búið að útvega viðkomandi nema húsnæði í nýja landinu og hann fær ráðgjöf frá heimaskóla áður en hann heldur af stað. Samstarfsskólar þurfa sömuleiðis að tryggja aðgang að námskrám og námsframboði skólaárs tímanlega, svo tryggt sé að einingarnar sem námsmaður tekur erlendis verði að fullu metnar af heimaskóla.

- Erasmus+, áætlun ESB á sviði menntamála, æskulýðsstarfs og íþróttá, veitir styrki til nemenda í starfsmenntun (starfsnám) og háskólanámi (skiptinám og starfsnám) og til starfsfólks menntastofnana á öllum skólastigum, **erasmusplus.is/menntun**.
- Nordplus-áætlunin, **nordplus.is** veitir styrki til náms á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltslöndunum.

Jafnvel þó að fólk sé ekki svo heppið að fá námsstyrk getur það tekið hluta af námi sínu erlendis (t.d. þegar nám er stundað í löndum utan Evrópu) en nauðsynlegt er að fullvissa sig áður en lagt er af stað að það verði metið til eininga þegar heim er komið. Íslenskir skólar hafa margir hverjir undirritað samstarfssamninga við skóla erlendis sem kveða á um gagnkvæma viðurkenningu á einingum, einkum á háskólastigi. Náms- og starfsráðgjafar viðkomandi skóla eða alþjóðafulltrúar þeirra kunna skil á þeim samningum sem í gildi eru.

Starfsfólk menntastofnana á öllum skólastigum á kost á styrkjum til þess að bæta hæfni sína, bæði í gegnum Erasmus+ menntaáætlun ESB og aðra sjóði og áætlanir sem styrkja fræðimenn, s.s. Marie-Sklodowska-Curie áætlunin. Á vef Rannís, **rannis.is/sjodir** eru margvíslegar upplýsingar um hvernig hægt er að sækja um styrki úr margvíslegum innlendum og erlendum samkeppnissjóðum.

3.1.1. Grunnskólar

Norplus junior

Nordplus junior veitir styrki til samstarfs leik-, grunn- og framhaldsskóla á Norðurlöndunum og Eyrstrasaltslöndunum. Veittir eru styrkir til samvinnuverkefna, nemenda- og kennaraskipta og þróunarverkefna. Frekari upplýsingar eru á, **nordplus.is**.

Erasmus+ æskulýðshluti

Evrópa unga fólksins sér um æskulýðshluta Erasmus+ á Íslandi og veitir styrki til æskulýðsgeirans á Íslandi. Verkefnin eru ætluð ungu fólki 13-30 ára og þeim sem starfa með þessum hópi. Öll verkefni byggja á hugmyndafræðinni um óformlegt nám og er hægt að fá styrk til

ungmennaskipta, EVS sjálfboðaliðaverkefna og funda ungs fólks og ráðamanna. Þó að verkefni fari ekki fram innan skólaumhverfis eru þau fyrst og fremst tækifæri fyrir ungt fólk til að læra eitthvað nýtt. Hægt er að taka hvaða efni sem er fyrir í ungmennaskiptum, en það skiptir miklu máli að unga fólk sé sjálft hafi áhuga á því sem er verið að fjalla um. Evrópa unga fólksins styrkir einnig starfsfólk í æskulýðsgeiranum og samstarfsverkefni. Nánari upplýsingar eru á vefnum, **euf.is**.

Erasmus+ menntahluti

Áætlunin styður kennara og starfsfólk grunnskóla til ferða og upphalds, til að fara á námskeið eða taka þátt í gestakennslu eða í starfskynningu (job shadowing) í 2 til 60 daga í einu af þátttökulöndum Erasmus+. Frekari upplýsingar eru á, **erasmusplus.is**.

3.1.2. Framhaldsskólar

Norplus junior

Áætlunin veitir styrki til samstarfs og mannaskipta innan Norðurlanda og Eystrasaltslanda á sömu forsendum og við verkefni í grunnskólum sem nefnd eru hér að framan.

Eramus+ menntahluti

Starfsmenntaskólar, stofnanir og fyrirtæki sem starfa á sviði starfsmenntunar geta sótt um náms- og þjálfunarstyrki fyrir nemendur sína, nýútskrifaða nemendur og starfsfólk sem starfar á sviði starfsmenntunar og þjálfunar. Hægt er að sækja um ferða- og upphaldsstyrki til að taka þátt í mismunandi verkefnum í einu af þátttökulöndum Erasmus+. Nemendum í starfsmenntun og nýútskrifuðum (í eitt ár eftir útskrift) gefst kostur á að fara til annarra Evrópulanda í námsferðir eða starfsnám í 2 vikur til 12 mánuði. Starfsfólk getur hins vegar sinnt kennslu eða þjálfun hjá samstarfsstofnun erlendis eða stundað starfsþjálfun, s.s. með þátttöku á fagtengdum námskeiðum eða vinnustofum, starfskynningum (job shadowing), eða skipulögðum heimsóknum til starfsmenntastofnana í 2 til 60 daga.

Framhaldsskólanemar og aðrir á aldrinum 18-30 ára geta gerst EVS sjálfbóðaliðar og fengið styrki til dvalar í öðru Evrópulandi. Styrkirnir eru veittir í gegnum sendisamtök sem hafa komið sér upp samstarfsaðilum í öðrum löndum sem taka á móti unga fólkinu og hafa skipulagt verkefni fyrir það. Frekari upplýsingar eru á, **euf.is**.

Skiptinemar

Nokkur skiptinemasamtök eru starfrækt hér á landi:

- AFS (**afs.is**) býður upp á ársdvöl í löndum um allan heim. Þátttakendur greiða allan kostnað af dvölinni sem er mishár eftir löndum.
- Kilroy (**kilroy.is**) býður upp á bæði stuttar og langar ferðir og nám erlendis. Samtökin aðstoða nemendur við umsóknir um skólavist og íþróttastyrki.
- Nínukot (**ninukot.is**) býður upp á stutta vinnudvöl víða um heim, sem au pair, í sjálfbóðaliðastarfi eða við aðra vinnu sem talin er hæfa ungmenum.
- SEEDS (**seeds.is**) býður námsdvöl, vinnubúðir og skiptinemadvöl. Hægt er að sækja um styrki til dvalar innan Evrópu en ekki utan hennar.

Annar stuðningur við grunn- og framhaldsskóla

Ýmis stuðningsnet miða að því að bæta menntun:

- eTwinning (**etwinning.is**) er endurgjaldslaust rafrænt samstarfsnet milli tveggja eða fleiri kennara í Evrópu. Í raun má segja að í samstarfinu felist það sem þeir óska eftir, hvort sem það eru einföld skoðanaskipti eða reynslusögur eða þá að menn taka höndum saman um að búa til nýtt námsefni eða þróa kennsluáðferðir.
- Evrópska skólanetið (**eun.org**) er vefgátt fyrir kennara og aðra starfsmenn skóla til þess að skiptast á kennsluefni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur þátt í verkefninu fyrir Íslands hönd.
- Mín Evrópa (**my-europe.org**) er sérstakt verkefni innan skólanetsins sem ætlað er að auka meðvitund ungs fólks um hvernig það er að vera þegn í Evrópu. Rúmlega 8.000 skólar taka þátt í því og er auðvelt að bæta við skólum, hafi forráðamenn þeirra eða kennarar áhuga á því.

3.1.3. Háskólar

Erasmus+

Í Erasmus+ áætluninni er hægt að sækja um styrk til að taka hluta af háskólanámi sínu í öðru Evrópulandi. Dvölin getur verið allt að 12 mánuðir á hverju háskólastigi og þær einingar sem teknar eru verða að passa inn í heildarnámið sem stundað er hér á landi. Sé þörf á tungu- málanámi áður en sjálft námið hefst er hægt að sækja um sérstakan styrk til þess. Hægt er að sækja um styrki til framhaldspjálfnar í allt að ár eftir að námi lýkur. Frekari upplýsingar eru á, erasmusplus.is.

Áætlunin styður einnig háskólakennara og aðra starfsmenn háskóla sem tengjast skipulagi náms eða þjónustu við stúdenta til að sinna gestakennslu hjá samstarfsháskóla eða starfs- þjálfun í 2 til 60 daga. Annað starfsfólk háskóla getur sótt starfsþjálfun erlendis, s.s. með þátttöku á fagtengdum námskeiðum eða vinnustofum, starfskynningum (job shadowing), eða skipulögðum heimsóknum til samstarfsháskóla. Háskólar geta einnig boðið fulltrúum fyrir- tækja í öðrum þáttökulöndum að sinna gestakennslu í sínum skóla.

Nordplus

Í Nordplus áætluninni geta nemendur sótt um styrk til að taka hluta af háskólanámi sínu á Norðurlöndunum eða í Eystrasaltslöndunum. Dvölin getur verið allt að 12 mánuðir í grunn- og meistaranámi og eru námskeið samþykkt til eininga. Stofnanir og deildir á háskólastigi sækja um styrki í áætlunina, m.a. ferða- og upphaldsstyrki og hraðnámskeið. Nemendur sækja um styrki beint til heimaskóla. Frekari upplýsingar eru á, nordplus.is.

Aðrir styrkjamöguleikar

Háskólar víða um heim bjóða ýmsa námsstyrki sem erfitt er að fá gott yfirlit yfir. Þessir styrkir byggjast annaðhvort á því að um afburðanámsmenn sé að ræða eða að námsmenn séu svo góðir í íþróttum að t.d. bandarískir háskólar sjái sér hag í að bjóða þeim slíka styrki. Frekari upplýsingar eru á, farabara.is. Þar er hægt að skoða alla styrki eða velja styrki eftir löndum og námsgreinum.

Euraxess

Á EURAXESS-starfatorginu er hægt að leita að upplýsingum um laus rannsóknarstörf og styrki í Evrópu. Vísindamenn geta leitað að áhugaverðum störfum en geta einnig skráð upplýsingar um sig í gagnagrunn sem fyrirtæki og stofnanir leita í. Vefur samstarfsins er, **ec.europa.eu/euraxess**.

3.1.4. Fullorðinsfræðsla

Erasmus+

Innan Erasmus+ geta aðilar og stofnanir sem sinna fullorðinsfræðslu sótt um styrki fyrir starfsfólk sitt til að sinna gestakennslu eða annarri starfsþróun erlendis. Hægt er að sækja um ferða-, uppihalds- og námsstyrki til að taka þátt í mismunandi verkefnum í 2 til 60 daga daga í einu af þáttökulöndum Erasmus+.

Starfsfólk getur sinnt kennslu eða þjálfun hjá samstarfsstofnun erlendis eða stundað starfsþjálfun, s.s. með þátttöku á fagtengdum námskeiðum eða vinnustofum, starfskynningum (job shadowing) eða skipulögðum heimsóknum til fullorðinsfræðsluaðila. Frekari upplýsingar eru á, **eramusplus.is**.

Nordplus voksen

Nordplus voksen verkefninu er ætlað að styrka samstarf Norður- og Eystrasaltslandanna á sviði fullorðinsfræðslu. Frekari upplýsingar eru á, **nordplus.is**.

EPALE vefsvæði fyrir fullorðinsfræðslu

Aðilar sem starfa við fullorðinsfræðslu geta nú fengið upplýsingar og fréttir af viðburðum um alla Evrópu og tengst samstarfsaðilum á vefsíðunni EPALE (Electronic Platform for Adult Learning in Europe). Síðan er ætluð fagfólki, s.s. kennurum, náms- og starfsráðgjöf-um, þeim sem sinna stefnumótun, fræðimönnum og áhugafólki um fullorðinsfræðslu. Þarna birtast:

- Fréttir af fyrirmyndarverkefnum, stefnumótun og styrkjamöguleikum. Hægt er að gerast áskrifandi að EPALÉ-fréttabréfinu.
- Viðburðadagatal hjálpar fagfólki að finna ráðstefnur og námskeið og hægt er að leita að viðburðum eftir þema, dagsetningu og stað.
- Bloggsvæði býður upp á áhugaverð samtöl um hvaðeina sem varðar fullorðinsfræðslu.
- Orðabók með orðum og hugtökum í fullorðinsfræðslu verður einnig á vefsvæðinu.

Frekari upplýsingar og skráning eru á, ec.europa.eu/epale.

3.2. Nám sem neminn skipuleggur sjálfur

Þeir sem hyggja á nám erlendis, sem þeir ætla að sjá algerlega um sjálfir, verða að ætla sér góðan tíma til að leita sér upplýsinga. Unnt er að leita sér aðstoðar við þessa leit, en þar sem möguleikarnir eru nær óendanlegir er ekki hægt að gera ráð fyrir að allar upplýsingar finnist á einum stað. Gott er að leita út frá eftirfarandi grunnspurningum:

- áhugasvið (fag, þrep, gráða, fullt nám eða hlutanám)?
- hvað er í boði og á hvaða tungumálum?
- hvað kostar námið (skólagjöld og annar kostnaður) og er hægt að fá námslán vegna þess?
- hversu langan tíma mun námið taka, þar með hugsanlegt tungumálanám til undirbúnings?
- hvernig er sótt um námið?
- hvaða möguleika veitir námið á starfi hér heima eða í öðrum löndum?
- hvaða möguleikar eru á hugsanlegu framhaldsnámi eða símenntun í faginu?

Við þetta bætast atriði eins og húsnæðismál, þýðing á nauðsynlegum pappírnum, hugsanlegt tungumálapróf, flutningur milli landa o.s.frv.

Í mörgum löndum hafa sprottið upp einkafyrirtæki sem bjóða námsmönnum hjálp við allan undirbúning undir nám í viðkomandi landi. Stundum eru þau tengd skólunum, stundum ekki. Það getur verið þess virði að kanna hvað þau bjóða upp á og hvað slík aðstoð kostar.

Sum þeirra bjóða tungumálanám til undirbúnings frekara náms en líka er til í dæminu að skólarnir sjálfir bjóði slíkt. Upplýsingastofa um nám erlendis er með nokkra tengla á vef sínum, **farabara.is** sem gagnlegt er að skoða áður en haldið er lengra.

3.2.1. Upplýsingar um nám erlendis

- Rannís rekur Upplýsingastofu um nám erlendis. Áhersla er lögð á að miðla upplýsingum á vefnum, í gegnum síðuna, **farabara.is**. Einnig er hægt að hringja í síma 515 5800 á milli kl. 13 og 16 virka daga og fá upplýsingar í síma eða biðja um viðtal. Upplýsingastofan er til húsa að Borgartúni 30.
- Hjá sendiskrifstofum margra landa er hægt að fá upplýsingar um nám í viðkomandi landi. Einkar gagnlegt er að leita til þeirra til að fá upplýsingar um hvernig er að búa sem námsmaður í viðkomandi landi.
- Ploteus, vefgátt ESB, **ec.europa.eu/ploteus** veitir aðgang að margvíslegum upplýsingum um nám í öðrum löndum, fyrst og fremst á háskólastigi. Þar eru einnig gagnlegar upplýsingar um hvernig er að búa í viðkomandi löndum.
- Á Eurydice vefnum, **eacea.ec.europa.eu/education/eurydice** er yfirlit yfir menntun í flestum löndum Evrópu.
- Cedefop er með gagnlegar upplýsingar um starfsmenntun á vef sínum, **cedefop.eu**.

3.2.2. Grunn- og framhaldsskólar

Íslensk börn á grunn- og framhaldsskólaaldri sem flytjast til annarra landa með foreldrum sínum mega búast við því að þurfa að stökkva í djúpu laugina og hefja nám á tungumáli viðkomandi lands eða, ef farið er í alþjóðlega skóla, á ensku. Í Svíþjóð og Danmörku (hugsanlega líka í öðrum löndum) er boðið upp á íslenskunám fyrir íslensk börn en yfirleitt eru það foreldrarnir sem þurfa að sjá um að viðhalda málinu og fræðslunni um átthagana.

Þeir foreldrar sem kjósa að mennta börnin sín utan hins hefðbundna skólakerfis landanna (t.d. í alþjóðlegum skólum) verða að búa sig undir að borga mjög háar upphæðir fyrir slíkt nám. En það getur reynst nauðsynlegt þeim sem flytja oft á milli landa svo að ekki myndist rof í menntun barnanna.

Tungumálanám

Besta leiðin til að læra erlent tungumál er vitaskuld að búa í því landi þar sem það er talað. Í flestum löndum heims eru starfræktir tungumálaskólar fyrir útlendinga þar sem boðið er upp á nám fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. Hægt er að sækja stutt námskeið og fara í lengra nám, jafnvel háskólanám í viðkomandi máli. Á vefnum, **farabara.is** eru krækjur á upplýsingar um marga slíka skóla.

Peir sem hyggja á tungumálanám sem undanfara annars náms ættu að kynna sér vel þá möguleika sem eru á námslánnum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Í stuttu máli má segja að veitt er lán til slíks náms svo fremi sem námsmenn eru innritaðir í háskóla en þó er nauðsynlegt að kynna sér tímalengd og önnur skilyrði.

3.3. Fjármögnun náms í öðru landi

Það er dýrt að læra í öðrum löndum og jafnvel þótt hægt sé að fá námslán verða væntanlegir námsmenn að reikna með að þurfa að greiða stóran hluta kostnaðarins úr eigin vasa, þar með talda endurgreiðslu af þessum lánnum. Gengi íslensku krónunnar sveiflast mjög gagnvart erlendum gjaldmiðlum, styrkjamöguleikar eru mjög fáir og getur því verið nauðsynlegt að hafa talsverða sjóði að ganga í.

Gott er að reyna að gera sér hugmynd um upphafskostnað áður en haldið er til útlanda í nám. Gera þarf ráð fyrir að borga skólagjöld, borga fyrir tungumálanám, kaupa námsgögn, greiða húsaleigu (og hugsanlega tryggingu), fargjöld til landsins og milli staða innan þess, kaupa sér tryggingar og eiga fyrir mat fyrstu vikunnar. Á Ploteus-vefgáttinni, **ec.europa.eu/ploteus** er sérstök leitarvél um ýmislegt sem tengist daglegu lífi í löndum Evrópu. Þeim sem hyggja á nám utan álfunnar er hins vegar bent á viðkomandi sendiskrifstofur.

3.3.1. Skiptinám

Peir sem hyggjast aðeins taka hluta af starfs- eða háskólanámi sínu í öðru landi Evrópu geta sótt um styrk til Erasmus+ menntaáætlunar ESB og Nordplus menntaáætlunar Norrænu

ráðherranefndarinnar. Jafnvel þótt menn fái ekki þann styrk, getur falist verulegur sparnaður í slíku námi vegna þess að þeir þurfa ekki að borga hærri skólagjöld en þeir gera hér á landi. Íslenskir háskólar eru með skiptinámsgsamninga við marga mjög virta og dýra háskóla þannig að íslenskir nemendur eiga kost á námi sem fáir nemendur í viðkomandi landi eiga vól á.

3.3.2. Námslán

Íslenskir námsmenn hafa til langs tíma reitt sig á námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, sérstaklega þeir sem stunda nám í öðrum löndum og eiga ekki kost á að vinna með því námi. Á vef sjóðsins, **lin.is** eru allar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig sækja skal um námslán. Nauðsynlegt er að muna að lánin eru greidd út eftir á, þ.e. þegar viðkomandi hefur staðist próf hvorrar annar eða árs. Þangað til verður stúdentinn að brúa billið með eigin aflafé, bankalánum eða á annan hátt. Bankarnir bjóða flestir sérstök lán til námsmanna en vextirnir eru talsvert hærri en hjá LÍN.

3.3.3. Námsstyrkir

Örfáir möguleikar eru fyrir Íslendinga á námsstyrkjum erlendis. Á vefnum, **farabara.is** eru upplýsingar um bæði íslenska og erlenda styrki til námsmanna sem gott er að skoða vel. Benda má á að mjög erfitt er að fá styrk til grunnnáms erlendis, langflestir styrkjanna sem eru í boði eru fyrir framhalds- eða doktorsnám.



4. Vinna í öðru Evrópulandi

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að vilja starfa í öðru landi, ýmist tímabundið eða til lengri tíma. Fyrir marga er þetta hluti af vandlega skipulögðum frama, aðrir sækja sér vinnu til annarra landa vegna þess að þeir hafa misst vinnuna hér og enn aðrir eru einfaldlega haldnir ævintýraþrá.

Tiltölulega einfalt er fyrir Íslendinga að vinna í öðrum EES-löndum, svo framarlega sem þeir fá þar störf. Víða er atvinnuleysi mun meira en hér á landi og eru þá heimamenn hugsanlega látnir ganga fyrir um störf. Ekki er nóg að hafa áhuga á starfi erlendis, ganga þarf frá ótal atriðum áður en lagt er af stað.

4.1. Reynslutími á vinnustað sem hluti af námi

4.1.1. Erasmus+

Framhaldskólar og háskólar geta sótt um styrki fyrir nemendur sem vilja taka hluta af starfsnámi sínu erlendis. Samningur milli skólans og vinnustaðarins þarf að liggja fyrir og ákveða verður fyrirfram hvað nemandinn á að læra og hver ber ábyrgð á honum. Þannig er t.d. skylt að tryggja að nemandi hafi ábyrgðartryggingu fari eitthvað úrskaiðis á vinnustað. Dvölin getur varað í allt að 12 mánuði. Að henni lokinni fær nemi í starfsmenntun Europass starfsmenntavegabréf og hugsanlega aðra pappíra sem sem votta að hann hafi unnið sem nemi á staðnum. Háskólanemi sem aflar sér starfsnáms erlendis (2-12 mánuðir eða í allt að 12 mánuði eftir að námi lýkur) á að fá slíkt nám metið sem hluta af námi í heimaskóla. Frekari upplýsingar eru á, **erasmusplus.is**.

4.2.1. Starfsþjálfun í sérstökum greinum

IAESTE (International Association for the Exchange of Students) eru alþjóðleg samtök sem bjóða upp á starfsdvöl fólks sem stundar háskólanám í náttúruvísinda- eða tæknigreinum víða um heim. Dvölinni er skipt í tvo hluta, annars vegar rannsóknir og hins vegar þróun. Stúdentar fá styrk til ferðarinnar sem er nægilega hár til að komast á staðinn og búa þar meðan á starfsþjálfuninni stendur. Dvölin stendur yfirleitt í 8-12 vikur. Frekari upplýsingar eru á vef samtakanna, **iaeste.org**.

4.2. Atvinna í öðru landi

4.2.1. Evrópska vinnumiðlunin EURES

Hægt er að leita sér að starfi í öðrum löndum Evrópu á vef Eures-vinnumiðlunarinnar, **eures.is**. Á miðri upphafssíðu stofnunarinnar renna upp auglýsingar um laus störf sem hægt er að smella á til að kynna sér þau nánar. Einnig er hægt að nota leitarvél síðunnar til að leita að ákveðnu starfi og skrá sig sem atvinnuleitanda í gagnagrunn hennar. Á vef stofnunarinnar eru einnig ítarlegar upplýsingar um réttindi og skyldur á evrópskum vinnumarkaði.

4.2.2. Dagblöð og fagtímarit

Við atvinnuleit í öðru landi er mjög góð hugmynd að fylgjast vel með auglýsingum eftir starfsfólki í dagblöðum og fagtímaritum viðkomandi lands. Mörg slík blöð eru á netinu og eru jafnvel með auglýsingavefi þar sem hægt er að leita að ákveðnum tegundum auglýsinga. Á vefslóðinni, **onlinenewspapers.com** er að finna aðgang að mörgum slíkum netblöðum.

Fagtímarit eru nær eingöngu til sölu í hefðbundnum pappírsútgáfum en það getur verið þess virði að fá íbúa (t.d. íslenskan námsmann) í viðkomandi landi til að fylgjast með útgáfu þeirra og láta vita ef bitastæðar auglýsingar rekur á fjörunar.

4.2.3. Leit að starfi á staðnum

Atvinnulausir sem þiggja atvinnuleysisbætur hér á landi, geta fengið bætur í 3 mánuði meðan leitað er að starfi í öðru EES-landi, sjá **eures.is**. Viðkomandi atvinnuleitandi fær þá bæturnar sínar greiddar þar og þarf ekki að kvíða afkomu sinni á meðan. Algengt er í mörgum löndum, sérstaklega í greinum eins og verslun og þjónustu, að límdar séu auglýsingar í glugga þar sem auglýst er eftir starfsfólki. Þar má oft sjá hvað er í boði.

4.3. Starf í stuttan tíma

4.3.1. Sumarstörf

Helsta leið Íslendinga til þess að fá sumarstörf erlendis er í gegnum Nordjobb, **nordjobb.org**. Eins og nafnið ber með sér er eingöngu um að ræða störf á öðrum Norðurlöndum. Samkeppnin um þessi störf er hörð og best er að sækja um snemma og gefa kost á vinnukrafti sínum í a.m.k. tvo mánuði.

4.3.2. Au pair

Íslenskar (og erlendar) fjölskyldur sem búa erlendis leita oft að íslenskum au pair-starfsmönnum. Langoftast er um að ræða barnagæslu og létt húsvverk og býr starfsmaðurinn þá hjá fjölskyldunni og á þess oftast kost að stunda einhvers konar nám.

Því miður gilda engir formlegir kjarasamningar um réttindi og skyldur au pair-fólks. Því er allur gangur á því hvað vinnutíminn er langur, hve launin eru há og til hvers er ætlast. Oftast er þó um hlutastarf að ræða og launin fæði og húsnæði auk vasapeninga.

Það verður ekki ofbrýnt fyrir fólki að kynna sér vel málin áður en haldið er af stað til slíkra starfa. Alls ekki er mælt með því að svara auglýsingum frá fólki sem ekki er hægt að afla eigin upplýsinga um með því að hafa samband við aðra eða „gúggla“.

Alþjóðasamtökin IAPA (International Au Pair Organisation) veita á vef sínum, **iapa.org**, margvíslegar upplýsingar, ráð og leiðbeiningar fyrir þá sem hugleiða að leita starfa sem au pair. Fólk sem vill ráða au pair til starfa getur skráð sig hjá samtökunum sem krefjast þess á móti að það uppfylli viss skilyrði. Það er því nokkur trygging fólgin í því að ráða sig til starfa gegnum samtökin.

4.3.3. Sjálfboðaliðastörf

Starf sjálfboðaliða felur í sér að vinna í styttri eða lengri tíma fyrir samtök eða félög sem sinna ýmsum þjóðþrifamálum. Ekki eru greidd nein laun fyrir, en boðið er upp á (stundum fremur frumstætt) húsnæði og mat. Starfið getur falist í mörgu: umsjón eða kennslu barna, hreinsun umhverfis, gróðursetningu og vinnu við endurgerð menningarlegra verðmæta, svo fátt eitt sé talið.

Margir möguleikar eru á því að komast í sjálfboðaliðastörf á vegum íslenskra samtaka. Í stuttu máli má skipta slíkum möguleikum í tvennt: möguleika innan Evrópu, þar sem hægt er að sækja um styrki fyrir ferðakostnaði og öðru þvílíku, og möguleika utan álfunnar, þar sem viðkomandi þarf að borga allan kostað af ferðinni sjálfur.

Nauðsynlegt er að hafa góðan grunn í a.m.k. einu erlendu tungumáli til að geta bjargað sér í viðkomandi landi. Þá er ekki verra að geta boðið upp á aðra menntun, verklega eða bóklega, sem gæti nýst í starfinu.

4.3.4. Ungir sjálfbóðaliðar

Yfirleitt þarf ungt fólk sem vill gerast sjálfbóðaliðar erlendis að greiða allan kostnað af ferðinni, þar með taldar tryggingar. Auk þess þarf að greiða stofnuninni sem sér um dvölinna umsýslukostnað. Sá kostnaður getur hlaupið á hundruðum þúsunda ef farið er langt. Nauðsynlegt er að kynna sér mjög vel hve hár kostnaðurinn er og gera áætlun um hvernig á að greiða hann áður en lengra er haldið. Ekki má gleyma að taka með í reikninginn að hugsanlega langar viðkomandi að ferðast eitthvað í viðkomandi landi áður en dvölin hefst eða eftir að henni lýkur.

4.3.5. Samtök og félög

Nokkur samtök hér á landi sjá um að skipuleggja sjálfbóðaliðastörf erlendis. Þau helstu eru:

- AFS, **afs.is**.
- Alþjóðleg ungmennaskipti, **aus.is**.
- Nínukot, **ninukot.is**.
- Seeds, **seeds.is**.
- Veraldarvinir, **wf.is**.

Í öðrum löndum er hafsjór af slíkum samtökum sem finna má með því að leita á netinu. Þó ber að hafa í huga að mörg þessara samtaka eru umdeild. Því er um að gera að kynna sér hvað fyrrverandi sjálfbóðaliðar hafa skrifað um dvöl sína t.d. á Facebook eða öðrum miðlum.



5. Fjölpjódlegir möguleikar fyrir náms- og starfsráðgjafa

Í mörgum af þeim fjölpjóðasamningum sem Íslendingar hafa undirritað er sérstaklega talað um mikilvægi náms- og starfsráðgjafa og er stétt ráðgjafa álitin ein af þeim mikilvægustu þegar kemur að því að hækka hlutfall þeirra sem stunda nám eða vinna erlendis um tíma. Í stuttu máli má ganga að því sem vísu að náms- og starfsráðgjafar hafi sömu möguleika á að fá styrki til þess að mennta sig frekar og aðrir starfsmenn menntastofnana.

5.1. Erasmus+

Menntastofnanir á öllum skólastigum geta sótt um styrki fyrir starfsmenn sína til þess að kynna sér t.d. nýjar aðferðir eða reynslu af náms- og starfsráðgjöf í öðrum löndum. Markmiðin með umsókninni þurfa að vera skýr (hver ætlar að fara, hvert, hversu lengi og til að læra

hvað) og sérstaklega þarf að koma fram hvernig hin nýja þekking mun nýtast stofnuninni sem viðkomandi starfar hjá þegar heim er komið. Frekari upplýsingar eru á, **erasmusplus.is**.

5.2. Nordplus

Náms- og starfsráðgjafar á leik- grunn- og framhaldsskólastigi geta sótt um styrki úr Nordplus junior áætluninni til að mennta sig eða öðlast nýja reynslu. Hægt er að fara til allra Norðurlanda og Eystrasaltslanda. Frekari upplýsingar eru á, **nordplus.is**.

5.3. Fjölpjódlegt samstarf

Mörg fjölpjóðleg samstarfsnet eru starfrækt í náms- og starfsráðgjöf. Tvö þeirra skipta sennilega mestu máli fyrir íslenska ráðgjafa:

- International Association for Educational and Vocational Guidance eða Alþjóðasamtök náms- og starfráðgjafa, **iaevg.org**.
- Fedora, evrópsk samtök námsráðgjafa, **fedora.eu.org**.

Bæði halda þau glæsilegar ráðstefnur og ársfundi og halda úti öflugum fræðslu- og upplýsingastarfi. Auk þeirra hafa orðið til ýmis samskiptanet, oft vegna þátttöku í fjölpjóðlegum samstarfsverkefnum.

5.4. eTwinning

eTwinning er aðgengilegt skólasamfélag á netinu þar sem hægt er að komast í samband við evrópska kennara og skólafólk, taka þátt í einföldum samstarfsverkefnum og sækja sér endurmenntun, svo nokkuð sé nefnt, allt með hjálp upplýsingatækni. Samfélagið er ætlað kennurum og öðru starfsfólki leik-, grunn- og framhaldsskóla, þar meðtöldum náms- og starfsráðgjöfum. eTwinning er einfalt – engir umsóknarfrestir eða skýrslur og sveigjanleikinn er í fyrirrúmi. Ávinningurinn er margvíslegur þ.á.m. starfsþróun kennara, fjölbreyttara skólustarf, víðsýni og áhugasamir nemendur. Í hverju landi er landskrifstofa sem styður þátttakendur endurgjaldslaut. Hér á landi gegnir Rannís því hlutverki. Einnig er hægt að leita til eTwinning fulltrúa, starfandi kennara með reynslu af eTwinning. Frekari upplýsingar eru á, **etwinning.is**.

5.5. Fylgst með þróun í náms- og starfsráðgjöf í Evrópu

Innan Evrópusambandsins hefur verið lögð geysileg áhersla á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar og styður sambandið margs konar samstarf á því sviði:

- Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er hluti af samevrópska samstarfsnetinu Euroguidance. Aðaláherslan í starfseminni er lögð á hina evrópsku vídd í náms- og starfsráðgjöf annars vegar og upplýsingagjöf um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar hins vegar. Margvíslegar upplýsingar og fréttir eru á vef samstarfsnetsins, **euroguidance.eu** og þar birtast reglulega fréttabréf með viðtölum og fréttum af ráðstefnum og námskeiðum.
- Evrópunet um ævilanga náms- og starfsráðgjöf (ELGPN) var stofnsett árið 2007. Hlutverk þess er að styðja 29 þáttökulönd í Evrópu í að hrinda í framkvæmd ályktunum evrópska ráðherraráðsins frá 2004 og 2008 um eflingu náms- og starfsráðgjafar. Frekari upplýsingar og margvísleg gögn eru á, **elgpn.eu**.
- Verkefni Cedefop á sviði náms- og starfsráðgjafar eru á sviði rannsókna og útgáfu. Stofnunin hefur gefið út út margar bækur og skýrslur um fagið og er listi yfir þær nýjustu á vef Félags náms- og starfsráðgjafa, **fns.is**.
- ICCDPP er fjölþjóðlegur samstarfsvettvangur sem stefnir að því að auka menntun náms- og starfsráðgjafa með því að aðstoða þá við að skiptast á hugmyndum og góðum reynslusögum. Á vef samtakanna, **iccdpp.org** eru fréttabréf gefin út reglulega.



Vinna og nám erlendis

Handbók fyrir náms- og starfsráðgjafa og aðra leiðbeinendur



rannís
www.rannis.is